

Tillaga

Viðtakandi: Menningar- og lýðræðisnefnd.

Efni: Tillaga um skipun innkaupanefndar listaverka

Dags: 8. maí 2024

Málsnúmer: 202311073/15.3

Sendandi: Arnar Jónsson, sviðsstjóri menningar-, íþrótt- og lýðheilsusviðs.

Tillaga:

Lagt er til að menningar- og lýðræðisnefnd skipi þriggja manna innkaupanefnd listaverka fyrir Mosfellsbæ í nefndinni sitji formaður menningar- og lýðræðisnefndar og tveir starfsmenn menningar- íþrótt- og lýðheilsusviðs tilnefndir af sviðsstjóra. Lagt er til að Auður Halldórsdóttir forstöðumaður bókasafns og menningarmála og Margrét Úrsúla Ólafsdóttir Hauth umsjónarmaður Listasalar Mosfellsbæjar taki sæti í innkaupanefnd listaverka fyrir Mosfellsbæ.

Greinargerð:

Menningar- og lýðræðisnefnd samþykkti á fundi sínum þ. 9. nóvember 2024 svohljóðandi tillögu forstöðumanns bókasafns og menningarmála: „Lagt er til að þriggja manna starfshópur annist mat og gerð tillögu um kaup á listaverkum fyrir Mosfellsbæ. Lagt er til að starfshópurinn hafi til umráða 500.000 kr. árlega og greiðist sú upphæð úr lista- og menningarsjóði.“

Í greinargerð sem fylgdi tillögunni kom jafnframt fram að starfshópnum bæri að undirbúa setningu verklagsreglna vegna þessa verkefnis og leggja þær í kjölfarið fyrir menningar- og lýðræðisnefnd til samþykktar.

Í ljósi þess að hefðbundinn skilningur á orðinu starfshópur felur í sér hóp fólks sem vinnur að tilteknu verkefni og skilar því svo af sér með verklokum er lagt til að í stað þess orðs verði notað orðið innkaupanefnd og tekur ofangreind tillaga mið af þeirri nafngift.

Virðingarfyllt,

Arnar Jónsson sviðsstjóri menningar-, íþrótt- og lýðheilsusviðs

Fylgiskjal:

Tillaga um starfshóp um kaup á listaverkum dags. 3. nóv. 2023.